

Ársskýrsla

Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2020-2021



Gleði – öryggi – vinátta
www.vikin.leikskolinn.is

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra mat	4
2.1. Stjórnun	4
2.1.1. Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	4
Niðurstöður	4
2.2. Uppeldis- og menntastarf	6
2.2.1. Skipulag náms og námsaðstæður	6
Niðurstöður	6
2.2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir	8
Niðurstöður	8
2.2.3. Námsvið leikskólans	10
Niðurstöður	10
2.2.4. Mat á námi og velferð barna	11
Niðurstöður	11
2.3. Leikskólabragur	13
2.3.1. Viðmót og menning	13
Niðurstöður	14
2.3.2. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	15
Niðurstöður	15
1.1.1 Viðhorf foreldra	17
Niðurstöður	18
3. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
3.1 Starfsþróunarsamtöl	20
3.2 Fræðsla	20
4. Covid-19	20
Lokaorð	21

1. Greinargerð leikskólastjóra

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin samanstendur af þremur deildum, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti ásamt því að hafa fjórðu stofuna, Herjólfsdal til umráða. Í Herjólfsdal er aðstaða fyrir starfsfólk, leikrými fyrir börn og lítið herbergi fyrir sérkennslu sem er kallað Fjósaklettur. Skólastjóri Grunnskóla Vestmannaeyja er Anna Rós Hallgrímsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir. Skólaárið 2020-2021 var tólfta starfsár leikskóladeildarinnar, en fimmta starfsár hennar undir Grunnskóla Vestmannaeyja. Ársskýrsla þessi er fyrir skólaárið 2020-2021 og er afhent Vestmannaeyjabæ.

Skólaárið 2020 - 2021 voru 49 börn í leikskólanum. Þar af voru 27 strákar og 22 stelpur, sem gera 302,6 dvalargildi. Þrjú börn voru með sjö tíma vistun, 23 börn með vistun á milli 7,25 og 8 tíma og 23 börn með vistun á milli 8,25 og 9 klukkutíma.

Þetta skólaár voru þrír starfsmenn í einu stærstan hluta dags á Heimakletti og Miðkletti og sinnti einn af þeim á hverri deild stuðningi við barn. Á Ystakletti voru fjórir starfsmenn í einu á deildinni stærstan hluta dags og sinntu tveir þeirra stuðningi við þrjú börn. Fimm börn voru með stuðning þetta skólaár. Eitt barn inni á Heimakletti var með tveggja tíma stuðning, eitt barn inni á Miðkletti með fjögurra tíma stuðning og þrjú börn inni á Ystakletti með stuðning, eitt með sex tíma, eitt með þrjá og eitt með fjóra tíma í stuðning.

Í Víkinni voru þetta skólaár 14 starfsmenn í 12,2 stöðugildum. Þá voru nokkrir starfsmenn innan skólans og tónlistarskólans sem sinntu kennslu einn tíma á viku, annað hvort tímabundið eða yfir veturinn. Arna Björg Sigurbjörnsdóttir var með leikfimi fyrir börnin einu sinni í viku, Eyvindur Ingi Steinarsson sá um tónlistarkennslu einu sinni í viku en þar sem hann var töluvert frá vegna veikinda tók Jarl Sigurgeirsson hans sæti meðan Eyvindur var fjarverandi. Súsanna Georgsdóttir sá svo um danskennslu á vorönn. Aðrir starfsmenn sem komu ekki að starfinu á beinan hátt voru, Einsí Kaldi og hans starfsfólk sem sá um hádegismatinn okkar, skólaliðar sáu um að færa okkur morgunmat og nónkaffi, ásamt því að skammta mat niðri í matsal í hádeginu. Við lok hvers dags kom svo starfsfólk frá Alþrif og sá um þrif á leikskóladeildinni.

Ásta Björk Guðnadóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ í fjarveru Guðrúnar Benónýsdóttur og var hún hjá okkur eftir hádegi á miðvikudögum og fyrir hádegi á föstudögum. Ásta Björk sinnti þjálfun hjá þeim börnum sem voru með stuðning einu sinni í viku ásamt því að skipuleggja og fylgjast með þeirri þjálfun sem stuðningsaðilar sinna. Einnig sinnti hún ráðgjöf og greiningu.

Nína Anna Dau er sérkennari hjá Grunnskóla Vestmannaeyja og fengum við tólf kennslustundir á viku þetta skólaár, þar sem hún sinnti málörvun í litlum hópum. Hún sá einnig um framkvæmd Hljóm-2 prófsins í ár. Skólaárið 2020-2021 voru 20 börn í sérkennslu hjá Nínu sérkennara GRV, þar af voru fjögur börn sem voru einnig í þjálfun hjá Ástu Björk.

Framkvæmdir við Víkina voru eftirfarandi þetta árið. Gólf voru bónuð og fengum við upp setta eina handlaug á hverja deild. Einnig voru gerðar úrbætur á hljóðvist á Heimakletti og á eftir að fara í þeir framkvæmdir á hinum deildunum. En ákveðið var að byrja einungis á einni deild til að sjá hver útkoman yrði og hvort hún virkaði. Svo var byrjað að betrubæta skólalóðina og eru þær framkvæmdir komnar vel á veg.

2. Innra mat

Skólaárið 2020-2021 er annað árið í innleiðingu á innra mati leikskólans. Ákveðið var að byrja rólega og vinna að því að fastmóta það á næstu árum. Við höfum innra matið til hliðsjónar á deildarstjóra- og deildarfundum vetrarins og funduðum svo nú í júní til að meta hvað gekk vel og hvað má betur fara. Hér er skammtímaáætlunin um innra mat Víkurinnar þetta skólaárið ásamt niðurstöðum, styrkleikum og tækifærum til umbóta.

2.1. Stjórnun

2.1.1. Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	*Unnið að gerð skólanáms-skrár. *Meta innra starf eftir áætlunum skólans.	*Skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun skólans og tekur mið af sérstöðu hans. *Innra mat, allir stefna í sömu átt.	*Skráning, samræður og gátlistar.	*Skólanáms-skrá verði komin vel á veg vor/sumar 2021. *Fræðsla og símat frá hausti 20 til vors 21.	Skólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Skólanámskráin okkar er ekki tilbúin og er enn á upphafsreit. Stefnt var að því að vera komin vel á veg vor/sumar 2021 en okkur hefur gengið illa að finna tíma.

Vegna tímaskorts og samkomutakmarkanna hefði framkvæmd innra mats mátt fara betur. Matsteymi hittist hvorki að hausti til að gera matsáætlun né að vori til að gera greinargerð og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Aðstoðarleikskólastjóri kynnti deildarstjórum skammtímaáætlun skólaárs en annað starfsfólk fékki ekki næga fræðsu um það. Ekki fór fram símat. Innra mat fór fram í lok skólaárs á starfsdegi. Hver deild lagði mat á

innra starf skólans 2020 - 2021 samkvæmt skammtímaáætlun. Að því loknu hittist allt starfsfólk og bar saman niðurstöður hverrar deildar. Starfsfólk var almennt sammála um það sem vel gekk og það sem má gera betur. Deildarstjórar ásamt aðstoðarleikskólastjóra sameinuðu niðurstöður.

- **Styrkleikar**
 - Starfsfólk virtist samstíga og allir stefndu í sömu átt.
- **Tækifæri til umbóta**
 - Gera þarf skólanámskrá fyrir Víkina
 - Matsteymi þurfa að funda að hausti og gera matsáætlun og aftur að vori þegar niðurstöður liggja fyrir og útbúa greinargerð ásamt umbótaáætlun.
 - Fræða þarf allt starfsfólk um innra mat og framkvæmd þess.

Umbótaþættir Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmu m við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mæli-kvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Skólanámskrá	Að komin verði drög að skólanámskrá fyrir lok skólaárs.	Skólastjóri, aðstoðarleik-skólastjóri og deildar-stjórar finna tíma þegar rólegt er í leikskól-anum til að fara út úr húsi og hefja vinnuna við skólanáms-skrá.	Sem fyrst og lýkur fyrir sumarlokun 2022.	Skólastjóri og aðstoðarleik-skólastjóri.	Janúar 2022 og júní 2022 Samráðs-fundir með ólíkum hópum starfsfólks.	Að komin sé skýr stefna á markmið og starfsemi Víkurinnar.

Innra mat	Allt starfsfólk fái fræðslu um framkvæmd innra mats, svo allir geti verið þátttakendur.	Aðstoðarleik skólastjóri kynnir starfsfólki matsáætlun skólaársins í október 2021. Matsteymi fundi og skipti með sér verkum, geri matsáætlun, greinargerð og umbóta-áætlun.	Hefst í október 2021. Símat jafnt og þétt yfir árið. Líkur júní 2022.	Aðstoðarleik-skólastjóri, deildarstjórar og matsteymi.	Janúar 2022 og júní 2022 Samráðs-fundir með ólíkum hópum starfsfólks. Matsteymi.	Að framkvæmd innra mats verði skýr og að allt starfsfólk taki þátt.
-----------	---	---	---	--	---	---

2.2. Uppeldis- og menntastarf

2.2.1. Skipulag náms og námsaðstæður

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Skipulag náms og námsaðstæður	Auka velferð og nám barnanna í skólanum með bættu námsumhverfi.	Innra mat, bæta námsumhverfi.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Starfsfólk leikskólans var sammála um að umhverfi leikskólans væri ekki nógu gott fyrir börn til að sinna námi á leikskólastigi sökum þess að húsnæðið var í upphafi ætlað grunnskólakennslu. Rýmið skortir t.d. aukaherbergi fyrir börn með sérþarfir og að deildir séu betur hólfaðar niður. Miklar úrbætur hafa verið gerðar á skólalóð sunnan- og vestan megin. Bæði starfsfólk og börn ánægð með nýja útisvæðið. Fleiri úrbætur eru í vændum.

Starfið líður fyrir það hversu mikið áreiti er á deildum allan daginn. Við lok dags er bæði starfsfólk og börn þreytt og oftar en einu sinni hafa börn kvartað yfir höfuðverk vegna hávaða. Samkvæmt úttekt sem gerð var á hljóðvist Víkurinnar í lok skólaárs 2020 var mælt með að setja hljóðeinangrandi plötur á vegg inni á deildum. Í janúar 2021 voru settar upp hljóðeinangrandi plötur í tilraunaskyni á einn vegg inni á Heimakletti. Að mati starfsfólks Heimakletts er hljóðvist að einhverju leyti betri þar sem starfsfólk er sjaldnar með höfuðverk eftir vinnudaginn. Þó telur starfsfólk Víkurinnar þurfa betri leiðir til að betrubæta hljóðvist

enn frekar á öllum deildum t.d. með hljóðeinangrandi skilrúmum. Ef settar verða fleiri hljóðeinangrandi plötur missa deildar allt veggpláss sem er óhentugt fyrir leikskólastarf.

Starfsfólk var almennt ánægt með efnivið og kennslugögn en finnst þurfa að gera hann aðgengilegri fyrir allar deildir. Þó voru flestir sammála um að bæta þurfi við úrval af bókum og púslum. Gerður var sameiginlegur gagnagrunnur fyrir Lubba og stærðfræði nám. Aðgengi að þeim gagnarunni þarf að bæta með nýjum hirslum og skipulagi.

- **Styrkleikar**

- Efniviður og kennslugögn eru að mestu í góðu standi.
- Úrbætur hafa verið gerðar á skólalóð.

- **Tækifæri til umbóta**

- Gera þarf úrbætur á hljóðvist deilda.
- Klára þarf vinnu við úrbætur á skólalóð.
- Gera þarf sameiginlegan efnivið aðgengilegri.
- Fjárfesta þarf í nýjum bókum og púslum.

Umbótaþættir skipulag náms og námsaðstæður	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð-araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Hljóðvist	Að minnka stanslaust áreiti v/ hljóðmengunnar.	Kaup á nýjum og betri hljóðeinangrandi skilrúmum, klára að setja upp hljóðdempandi efni á vegg.	Byrjuðum á einni deild í janúar 2020. Klára þarf að bæta hljóðvist á öllum deildum í lok árs 2021.	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Október 2020 Á starfsmannafundi vor 2022.	Börn og starfsfólk hætta að kvarta yfir hávaða og höfuðverk. Betur gengur að vinna með börnin í minni hópum. Starfsfólk finnur fyrir minna álagi v/ áreitiss.

Leikskólalóð	Að útivera auki nám og þroska barnanna.	Klára þarf að vinna að endurbótum á skólalóð.	Byrjaði í ágúst 2020.	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Vor 2022 á deildarstjóra- og starfsmannafundi.	Að börnin finni gleðina við að fara út að leika og læri og þroskist í útiverunni.
Efniviður	Að efniviður sé aðgengilegur fyrir allt starfsfólk leikskólans.	Finna þarf rími og lausnir að aðgengi fyrir sameiginlegan efnivið.	Janúar 2022.	Starfsfólk Víkurinnar.	Vor 2022 á starfsmannafundi.	Allt starfsfólk nýtir sér sameiginlegan efnivið í daglegu starfi.
Leikefni	Að allar deildir bjóði upp á svipuð leikefni.	Taka saman allan efnivið til leiks og deila jafnt á milli deilda.	Byrjar fyrir sumarlokun.	Starfsfólk Víkurinnar.	Reglulega yfir árið.	Allar deildir upplifa sig vera að sitja við sama borðið.

2.2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Uppeldi, menntun og starfshættir	*Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta. *Meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum. *Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns.	Innra mat, börnin njóti fjölbreyttra náms- og uppeldiskosta, komið sé fram við þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leiksólans.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Víkin leggur áherslu á nám fari fram í gegnum skipulagðan og frjálsan leik. Kennarar eru duglegir að finna ýmsar leiðir til vekja áhuga barna á námi með fjölbreyttu og hvetjandi námsefni t.d. í bókstafa innlögn, stærðfræði og listum. Einnig tökum við fyrir ákveðin þemu í hverjum mánuði yfir skólaárið og gerum ýmislegt skemmtilegt í kring um það. Dæmi um þemu er eldgosíð á Heimaey, tyrkjaránið, vinátta og ólík fjölskyldumynstur. Kennarar eru einnig virkir í að grípa tækifæri þegar þau gefast í fataklefa, matmálstímum og fleira, meðal annars til að efla hljóðkerfisvitund t.d. með rími, samsettum orðum og samstöfum.

Starfsfólk er flest sammála um að við séum dugleg að vinna með menningu og örnefni í Vestmannaeyjum. Einnig hefur vinna með menningu barna af öðru þjóðernum hefur aukist

Þetta skólaár. Í janúar var fjölmeningarvika þar sem við fjölluðum um mismunandi lönd, tungumál, fólk og menningarheima. Börn af erlendum uppruna í Víkinni fengu tækifæri til að sýna eða segja frá sínum uppruna í samverustundum og voru unnin ýmis verkefni í kring um það.

Starfsfólk Víkurinnar er sammála um að þörfum hvers og eins er mætt og að nám og starf sé einstaklingsmiðað. Kennarar eru fljótir að átta sig á einstaklingsþörfum og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun svo allir nemendur geti verið virkir í samfélagi leikskólans.

- **Styrkleikar**

- Áhersla á nám í gegnum skipulagðan og frjálsan leik.
- Fjölbreytt og hvetjandi námsefni.
- Tækifæri til náms gripin í daglegum athöfnum.
- Einstaklingsmiðað nám og starf
- Menning Vestmannaeyja er vel samtvinnuð við starfið okkar
- Áhersla á fjölmeningu
- Snemmtæk íhlutun

- **Tækifæri til umbóta**

- Skýrari áhersur í samverustundum t.d. með áætlun.

Umbótaþættir skipulag náms og námsaðstæður	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð-araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Samverustundir	Setja skýr markmið .	Útbúa áætlun svo hægt er að fylgjast með að farið sé í alla þætti sem leggja þarf áherslu á í samverustundum.	Lok ágúst 2021. Október 2021.	Deildarstjói og starfsfólk deilda.	Janúar 2122.	Fara yfir hvort áætlun hafi verið fylgt.

2.2.3. Námsvið leikskólans

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Námskvið leikskólans	Meta innra starf eftir áætlunum skólans.	*Námsumhverfi styðji við máltöku og málþroska barna. *Unnið sé að því að efla samskipti barna.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Í Víkinni höfum við verið dugleg að vinna með sögur, söng, ljóð og ævintýri. Starfsfólk er sammála um það markmið að auka áhuga barna á læsi og bókum. Sem dæmi erum við með bókatré þar sem laufblaði er bætt á tréð þegar við ljúkum við að lesa bók. Börnin skiptast einnig á að koma með bók að heiman sem er lesin í samverustundum.

Ýmist í samverustundum og í matmálstímum erum við með orð dagsins sem er byggt á orðaforða lista menntamálastofnunar. Misjafnlega gekk að sinna því þetta skólaárið og má bæta næsta skólaár. Víkin leggur áherslu á vísur og þulur eftir Þórarinn Eldjárn og hefur gengið vel þetta skólaárið að halda áætlun varðandi þá innlögn. Ritmál er sýnilegt inni á deildum að einhverju leyti en við mætum vinna að því að gera það sýnilegra án þess að skapa of mikið auka áreiti.

Í Víkinni vinnum við mikið með frásagnir. Sem dæmi fengu börnin að skiptast á að koma með hlut að heiman og segja frá honum í samverustundum. Jafnt og þétt yfir skólaárið er einnig unnið mikið með jákvæð samskipti og félagsleg tengsl t.d. með sögunum „má ég vera memm“ og „Fill a bucket“ sem höfum þýtt yfir á íslensku. Við vinnum með Stig af stigi í samverustundum sem við getum einnig nýtt í daglegu starfi þegar upp koma aðstæður sem bjóða upp á það.

- **Styrkleikar**
 - Vel er unnið með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri
 - Áherlsa á aukin orðaforða
 - Vel er unnið með jákvæð samskipti og félagsleg tengsl
- **Tækifæri til endurbóta**
 - Orð dagsins

Umbóta- þættir náms svið leik- skólans	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Orð dagsinns	Að hafa orð dagsinns á hverjum degi og sýnilegt fyrir foreldra.	Útbúa áætlun fyrir og eftir áramót. Hafa einn umsjónamann á hverri deild sem ber ábyrgð.	Hefst í ágúst 2021 og er út allt skólaárið.	Deildarstjóri og umsjónar- maður.	Endurmetið hvernig gengur í janúar 2022.	Að börn börn þekki flest orðin á listanum.

2.2.4. Mat á námi og velferð barna

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
*Mat á námi og velferð barna	Tryggja að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber.	*Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna. *Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til marga þátta.	Hljóm-2, TRAS, þroska- lýsingar, gátlistar, samræður.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Í september 2020 var Hljóm-2 skimunarpróf lagt fyrir öll börn í Víkinni. Þau börn sem voru undir viðmiði eða á mörkunum fengu að fara í þjálfun til Nínu sérkennara GRV þar til prófið var lagt aftur fyrir í janúar 2021. Börn sem náðu þá viðmiði útskrifuðust úr þjálfun en önnur börn héldu áfram.

Deildarstjórar og leikskólastjóri fóru á TRAS réttindanámskeið þetta skólaárið. Ekki var þó hafin Tras skráning þetta árið og þörf er að á ákveða hvernig á að framkvæma þá skráningu næsta skólaár.

Skráning var gerð til að halda utan um færni barns og getu barnanna. Þar var meðal annars haldið utan um færni í að geta hljóðað bókstafi, þekktja tölustafi, hugtök, fínhyrfingar

og fleira. Fyrir foreldraviðtöl í mars höfum við svo gert almennt mat á hæfni, námi og velferð barna sem tekur tillit til margra þátta og metum þar alhliða þroska barnanna sem síðar er rætt í foreldraviðtölum.

Skráningaraðferð mætti vera markvissari og er starfsfólk sammála um að ekki sé nægt svigrúm til skráningar, þá helst vegna stanslaust áreiti inni á deild. Lítið tækifæri til að komast í næði og erfitt er að skipta hópnum niður í smærri einingar sem auðveldara er að vinna með. Allt starfsfólk var sammála um það að starfið hér væri unnið í miklu samstarfi við foreldra og höfum við reglulega fengið hrós frá foreldrum fyrir gott samstarf.

Börnin hafa ekki tekið mikinn þátt í að meta nám sitt og hefur það ekki verið gert markvisst. Einungis hefur verið rætt um eða gerðar skoðanakannanir á meðal þeirra um hvort þeim finnst hlutar starfsins skemmtilegir. Að sama skapi fá börnin að einhverju leyti að setja sér markmið innan leikskólans, þó þyrfti að hafa það sýnilegra.

- **Styrkleikar**

- Hjóm - 2 og inngrip eftir prófun
- Mat á hæfni barna tekur tillit til margra þátta og er alhliða þroski barnanna metinn
- Samstarf við foreldra hefur gengið vel

- **Tækifæri til umbóta**

- Að TRAS skráning sé markviss
- Gera þarf skráningar markvissari og skapa betra svigrúm til skráninga
- Vinna þarf að því að leyfa börnunum taka meiri þátt í mati á námi og markmiðasetningu

Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði

TRAS	Að gera skráningar markvissari .	Stefnt er á að taka inn Tras skráningu á Víkinni ásamt Kirkjugerði og Sóla.	Upphaf næsta skólaárs.	Aðstoðar-leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennsluráðgjafi.	Skólalok 2022.	Við lok skólaárs 2021 verður komin Tras skráning fyrir börn leikskólans.
Skráningar	Að gera skráningar markvissari.	Aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar funda um um hvernig sé best að framkvæma skráningar. Að allt starfsfólk deildarinnar sé meðvitað um skráningu.	Upphaf næsta skólaárs.	Deildarstjóri.	Skólalok 2021.	Fyrir foreldraviðtöl í mars verður búið að fara yfir alla þætti skráningu á öllum börnum.
Mat á námi	Að börnin meta nám sitt reglulega.	Gera reglulega skráningu á mati barnanna á sínu námi. Setja upp form sem starfsfólk getur fyllt út.	Byrjun haustannar 2021.	Starfsfólk.	Vor 2022.	Börnin kunni að meta sjálf hvernig þeim gengur í leikskólanum.

2.3. Leikskólabragur

2.3.1. Viðmót og menning

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Viðmót og menning	Að í Víkinni ríki jákvætt andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli allra aðila.	*Andrúmsloftið í skólanum sé afslappað og notalegt. *Jákvæður andi og gleði ríki. *Kurteisi, virðing og umhyggja einkenni samskipti.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjór, matsteymi.

Niðurstöður

Starfsfólk í Víkinni er sammála um að andrúmsloftið sé afslappað, notalegt og að borin sé virðing fyrir bæði börnum og fullorðnum. Hjálpssemi, léttleiki og gleði er í fyrirrúmi með góðu “dassi” af aga. Lögð er áhersla á kurteisi hjá bæði börnum og fullorðnum, svo sem að heilsast, kveðjast og þakka fyrir sig. Í Víkinni tókum við öllum eins og þeir eru og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín í leik og starfi. Unnið er með veikleika á uppbyggjandi vegu og börn og fullorðnir fá hvatningu til að stíga út fyrir þægindaramman. Mikil áhersla er á vináttu og fólk sé vakandi og taki tillit til hvers annars.

Þar sem öll 5 ára börn í Vestmannaeyjum koma á Víkina væri tilvalið að gera starfið okkar sýnilegra innan samfélagsins. T.d. með því að skrifa greinar í fjölmiðla bæjarins og bjóða fjölmiðlum að mæta á viðburði eins og sjóræningja leik sem er í kjölfar fræðslu um Tyrkjarán, útskriftarferð og fleira.

- **Styrkleikar**
 - Jákvætt og afslappað andrúmsloft.
 - Borin virðing fyrir öllum og tekið er tillit til styrkleika og veikleika.
 - Áhersla á vináttu
- **Tækifæri til umbóta**
 - Gera starfið okkar sýnilegra innan samfélagsins svo almenningur sé betur upplýst það góða starf sem vikin hefur uppá að bjóða.

Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Að fólk í samfélaginu sé meðvitað um góða starfsemi á Víkinni	Að starfið sé sýnilegt.	Að skrifa greinar í fjölmiðla og bjóða fjölmiðlum í hemsókn.	Yfir næsta skólaár. Fer eftir tíma- setningu viðburða.	Aðstoðar- leikskóla- stjóri.	Lok skólaárs 2022.	Hvort einhverjar fréttir hafa verið birtar af starfi skólaársins.

2.3.2. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Í samstarfi við foreldra sé fylgst með alhliða þroska allra barna og leitað leiða til að efla hann. Lögð sé rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og reglulega sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra um uppeldi og nám barna þeirra.	*Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra. *Foreldrum séu gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum. *Reglulega sé boðið upp á foreldrasamtöl.	Samræður og gátlistar allra hópa.	Gagnaöflun lokið feb. 21. Greining á fundum lokið maí 21.	Deildarstjórar, matsteymi.

Niðurstöður

Í júní 2020 voru foreldraviðtöl þar sem starfið var kynnt og foreldrar höfðu tækifæri til að koma upplýsingum áleiðis um börnin. Foreldrar voru þá beðnir að fylgjast með Karellen og nota það sem samskiptamiðill ásamt því að hringja eða senda tölvupóst. Í viðtalinu var Facebook síða deildarinnar einnig kynnt og foreldrar boðið að gerast meðlimir. Hver deild er með sína Facebook síðu sem er ætlað foreldrum og kennurum deildarinnar. Síðan er lokið og ekki sýnileg utanaðkomandi aðilum. Á síðunni birtast meðal annars fréttir og myndir af leik og starfi ásamt upplýsingar um starf og áminningar um viðburði Víkurinnar. Gegnum skólaárið hrósuðu foreldrar upplýsingaflæði á Facebook síðum deildanna.

Við upphaf skólaárs fá foreldrar með sér heim myndrænt dagskipulag sem sýnir hvernig hefðbundin vika er á hverri deild fyrir sig. Ásamt því eru útskýringar á hverjum lið. Í byrjun september, janúar og maí fá foreldrar einnig viðburðar dagatal. Skóladagatal, starfsáætlun, ársskýrsla og fleira er aðgengilegt á heimasíðu Víkurinnar ásamt fréttum.

Samkomutakmarkanir hindruðu ýmsa viðburði þetta skólaár. Venjan er að hafa hóp foreldrafund í byrjun september þar sem starfsfólk og starfsemi Víkurinnar er kynnt enn frekar. Ekki var kostur á því þetta árið og var það það miður. Þar hefði mátt fara yfir breytt fyrirkomulag á opnun leikskólana milli jól og nýárs og nýtt samstarf við frístund. Margir foreldrar upplifðu sig ekki nægilega upplýsta varðandi það. Einu sinni á hvorri önn hafa verið foreldraheimsóknir þar sem foreldrar geta séð afrakstur starfs á deildunum ásamt því að hitta aðra foreldra og kennara. Vegan samkomutakmarkanir var það ekki heldur mögulegt.

Eins og fjallað var um í kafla 2.2.4. var Hljóm-2 skimunarpróf lagt fyrir öll börn á Víkinni. Foreldrar þeirra barna sem voru undir viðmiði voru kölluð á fund með Nínu sérkennara GRV, deildarstjóra og Ástu Björk sérkennsluráðgjafa. Niðurstöður voru útskýrðar fyrir foreldrum og veittu þeir samþykki fyrir auka þjálfun hjá Nínu. Einnig voru haldnir reglulegir teymisfundir fyrir foreldra barna með stuðning. Á teymisfundum mættu einnig deildarstjórar, stuðningar, Guðrún aðstoðarleikskólasjóri, Ásta Björk sérkennsluráðgjafi, Nína sérkennari GRV og Tinna talmeinafræðingur.

Í febrúar og mars fóru fram foreldraviðtöl ýmist rafrænt eða í Hamarskóla. Þar var farið yfir stöð barnanna meðal annars samkvæmt matslistum sem fjallað er um í kafla 2.2.4. Viðtölin gengu vel og foreldrar almennt ánægðir með starfsemi Víkurinnar og hrósuðu starfsfólki fyrir vel unnin störf. Nokkrir foreldrar nefndu þó að börnin væru að kvarta undan hávaða og höfuðverk eftir leikskóla daginn.

Í upphafi og lok dags voru samskipti við foreldra góð. Við teljum okkur hafa upplýst foreldra vel um atvik á leikskólanum sem við töldum okkur þurfa að ræða. Einkum buðu deildarstjórar upp á viðtalstíma á undirbúningstíma sínum ef foreldrar vildu hafa samband til að ræða ákveðin mál.

Útskrift fór fram í maí í sal Hamarsóla en var hún með breyttu sniði vegna fjöldatakmarkana. Deildirnar útskrifuðust í sitthverju lagi og börnin fengu að bjóða fjölskyldu sinni. Útskriftirnar heppnuðust vel og voru bæði foreldrar og börn ánægðir.

- **Styrkleikar**

- Fyrri og seinni foreldraviðtöl heppnuðust vel og foreldrar ánægðir.
- Upplýsingaflæði gegnum Facebook gott, foreldrar vel upplýstir um starf.
- Dagskipulag, viðburðadagatal starfsáætlun og árskýrsla er aðgengileg foreldrum.
- Samskipti milli kennara og foreldra góð.
- Kennarar duglegir að upplýsa foreldra ef eitthvað er.

- **Tækifæri til umbóta**

- Kynna hefði mátt samstarf við frístund betur.
- Kynna hefði mátt fyrirkomulag milli jóla og nýárs betur.

Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Samstarf við frístund	Kynna betur samstarf við frístund.	Kynnt í upphafs viðtali við foreldra. Verður kynnt enn frekar á hópforeldra- fundi.	Júní 2021 September 2021.	Aðstoðar- leikskóla- stjór og deildar- stjórar.	Í mars 2022. Foreldrar spurðir í foreldra- viðtölum.	Að foreldra upplýsi sig upplýsta um framkvæmd.
Fyrirkomu- lag milli jóla og nýárs	Kynna betur fyrirkomu- lag milli jól og nýárs.	Kynnt í upphafs viðtali við foreldra. Verður kynnt enn frekar á hópforeldra- fundi.	Júní 2021. September 2021	Aðstoðar- leikskóla- stjór og deildar- stjórar.	Í mars 2022. Foreldrar spurðir í foreldra- viðtölum.	Að foreldra upplýsi sig upplýsta um framkvæmd.

1.1.1 Viðhorf foreldra

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Viðhorf foreldra	*Foreldrar séu ánægðir með leikskólastarfið og hafa trú á gæðum þess. * Foreldrar upplifi að skólinn komi til móts við þarfir og réttindi barna þeirra og að líðan barnanna og aðbúnaður sé góður. *Samvinna og upplýsingaflæði milli heimila og leikskóla sé góð.	*Foreldrar séu jákvæðir í ummælum sínum um skólann og frammistöðu hans. *Foreldrar telji að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. *Aðbúnaður barnanna sé góður að mati foreldra. *Foreldrar séu ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrar séu ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum.	Foreldra- könnun.	Gagnaöflun lokið apríl. 21. Greiningu gagna lokið maí 21.	Skólastjóri, aðstoðarleik- skólastjóri, matsteymi.

Niðurstöður

Ekki tókst að framkvæma foreldrakönnun um viðhorf foreldra til stofnunarinnar þetta skólaár. Niðurstöður innra matsins á þessum kafla byggja því á upplifun deildarstjóra af samskiptum við foreldra, einstaklings foreldraviðtölum og upplifun foreldra sem eru í innra mats nefnd Víkurinnar.

Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með leikskólastarfið og hafa mikla trú á gæðum þess. Nokkrir foreldrar hafa komið til starfsmanna í lok annar til að þakka fyrir og hrósa fyrir gott starf. Hafa nefnt þá sérstaklega hvað faglega starfið er sýnilegt og hvað börnin virðast njóta sín í starfinu. Starfsfólk tekur hlýlega á móti börnunum og gefur sér tíma fyrir öll börn þegar þau mæta í leikskólann. Þá hafa foreldrar að mestu leyti verið ánægðir með það hvernig er komið til móts við þarfir barna þeirra og alltaf hefur verið mikill vilji til að leysa úr þeim vandamálum sem hafa komið upp, í samvinnu við foreldra. Samvinna á milli heimilis og leikskóla hefur gengið vel og eru foreldrar upp til hópa mjög sáttir með upplýsingagjöf til heimilis. Facebook síður deildanna hafa verið vel notaðar til að segja frá því sem verið er að gera í leikskólanum og þannig hafa foreldrar náð að fylgjast vel með starfinu. En foreldrar hafa helst verið ósáttir við aðbúnað barnanna inni á deildum, en einhverjum þykir of mikið um það að börnin séu í stórum hópum og að of mikil hávæði séu í kring um börnin yfir daginn.

- **Styrkleikar**

- Foreldrar ánægðir með leikskólastarfið og hafa trú á gæðum þess.
- Foreldrar upplifa að skólinn komi til móts við þarfir og réttindi barna þeirra og að líðan barnanna sé góð.
- Samvinna og upplýsingaflæði milli heimila og leikskóla er góð.

- **Tækifæri til umbóta**

- Framkvæma foreldrakönnun þegar gert er ráð fyrir henni í innra mati skólans.
- Foreldrar upplifa að aðbúnaður og hljóðvist sé ekki nógu góð.

Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Viðhorf foreldra	*Fram- kvæma foreldra- könnun.	*Fylgja því eftir að framkvæma foreldrakönnu- n þegar hún er hluti af innra mati skólans.	Sam- kvæmt langtíma- áætlun innra mats fer fram- kvæmd fram skólaárið 2022- 2023.	Skólastjóri, aðstoðarleik- -skólastjóri, matsteymi.	Skólaárið 2022- 2023.	Að foreldrar fái tækifæri á að koma skoðun sinni á framfæri á markvissan hátt.
Aðbúnaður og hljóðvist	Bæta aðbúnað og hljóðvist.	Vinna að úrbótum á aðbúnaði og hljóðvist.	*Vinna við úrbætur á hljóðvist lok árs 2021. *Óvíst hvenær hægt verður að bæta aðbúnað í Víkinni.	Skólastjóri, aðstoðarleik skólastjóri.	*Hljóðein angrandi plötur settar á veggi til að bæta hljóðvist. *Þegar teikningar verða komnar af stækkun við Hamarskó- la sjáum við hvað gert verður til að bæta aðbúnað í Víkinni.	Að aðbúnaður og hljóðvist sé viðunandi í skólanum og að börnunum liði vel í vinnu umhverfi sínu.

3. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

3.1 Starfsþróunarsamtöl

Aðstoðarleikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við starfsmenn leikskóladeildarinnar, 15 talsins. Samtölin voru tekin í apríl og var framkvæmdin rafræn að hluta. Sendir voru út rafrænir spurningalistar til starfsfólks þar sem spurt var almennt um líðan starfsfólks, vinnu þeirra og upplifun af vinnustaðnum. Síðan var viðtal með hverjum starfsmanni þar sem listinn var nýttur sem rammi. Samtalið var þó samt sveigjanlegt og gat starfsmaður komið sínum skoðunum á framfæri þó svo að það væri ekki inni í rammanum. Viðtölin gengu vel, við fengum nokkrar góðar ábendingar um hluti sem má gera betur en að jafnaði voru starfsmenn ánægðir með þá vinnu sem við erum að gera á leikskólanum. Andinn virðist vera góður og fólki líður vel í starfi.

3.2 Fræðsla

Gerð var endurmenntunaráætlun á vegum skólaskrifstofu þetta árið en þau námseið/erindi sem átti að bjóða starfsmönnum að sækja féllu öll niður vegna samkomutakmarkanna. Til stóð að starfsmenn myndu sækja öll þau námskeið sem í boði áttu að vera til að vinna af sér tíma sem starfsfólk var frá vinnu vegna skertrar opnunar leikskólans milli jóla og nýárs. En starfsfólk gat fyllt upp í þessa tíma með því að sækja rafræn námskeið og erindi, en mikið var í boði af slíku þetta skólaárið.

Hluti starfsmanna sótti TRAS námskeið og námskeið um Atfelisíhlutun, voru þetta fjarnámskeið að mestu. Einhverjir hlustuðu á ráðstefnu BUGL og enn aðrir á erindið um snemmtæka íhlutun svo e-ð sé nefnt.

4. Covid-19

Skólaárið 2020-2021 litaðist að einhverju leyti af takmörkunum vegna Covid-19. Haustið var þó strembnara en vorið því takmarkanir voru meiri fyrir áramót en eftir áramót. Á tímabili var staðan þannig að ekki mátti blanda milli deilda, hvorki starfsfólki né börnum og reyndi það töluvert á. Þökk sé frábæru starfsfólki sem var tilbúið að takast á við það verkefni þá tókst mjög vel að leysa það tímabil. Hluta haustsins gat starfsfólk ekki hist í kaffitímum sökum takmarkanna og var það erfiður tími fyrir starfsandann, en það tímabil stóð ekki lengi yfir.

Engin Covid-19 smit komu upp í Víkinni þetta skólaár og kom því ekki til neinna lokana hjá okkur. Heilt yfir gekk skólaárið vel þrátt fyrir takmarkanir sökum Covid-19 þó það reyndi vel á á köflum.

Lokaorð

Faglegt starf Víkurinnar byrjaði og endaði vel. Lubbi, stærðfræði og listir fengu að njóta sín ásamt frjálsa leiknum sem var gegnumgangandi í gegn um starfið okkar. Þema vinnan gekk einnig vel og lærðu börnin meðal annars ýmislegt um sögu og menningu Vestmannaeyja, fjölmenningu, hafið, fjölskyldu og vináttu. Við höfum fengið að sjá miklar framfarir hjá okkar börnum og gleði í leik og starfi. En einnig höfum við þurft að takast á við ýmsar áskoranir og þurft að læra að vinna markvisst að því sem betur má fara í starfi. Að mörgu leyti eru það þó aðstæður sem há okkur mest í starfi og má þar helst nefna skort á rými og hljóðvist á deildum. Annað tækifæri til umbóta næsta skólaár er að hefja drög að skólanámskrá.

Samstarf milli deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og kennara gekk vel, allir tilbúnir að hjálpast að og andrúmsloftið jákvætt. Samstarf við fagfólk líkt og sérkennara, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing og sálfræðing gekk einnig vel. Samskipti og samstarf milli foreldra og leikskóla var gott og virtust foreldrar ánægðir og vel upplýstir um flest.

Þetta skólaár hefur verið krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt. Þrátt fyrir fordæmalaus tíma náðum við flestum okkar markmiðum í starfi þetta árið. Við erum stoltar af okkar starfi, okkar samstarfsfólki og okkar börnum.

Vestmannaeyjum 8. júlí 2021

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri GRV
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar